

254. fundur Skólanefndar FS

14. janúar 2003



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Guðbjörg Ingimundardóttir, Stefanía Ólafsdóttir, Ingimundur Þ. Guðnason, Pétur Brynjarsson, áheyrnarfulltrúarnir Ívar Valbergsson og Runólfur Þ. Sanders og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Nýr formaður NFS, Runólfur Þ. Sanders, boðinn velkominn á fundinn.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Upphaf vorannar 2003.
 2. Fjárveitingar 2003.
 3. Önnur mál.

1. Upphaf vorannar 2003.

Skólameistari sagði frá upphafi vorannar. Engar breytingar hafa orðið á kennaraliði en Steinunn Tómasdóttir hefur tekið við stöðu fjármálastjóra. Skólameistari dreifði einnig dagatali annarinnar. Töflugerð gekk vel og skólakerfið Inna stóð fyrir sínu. Nemendur eru 691 og er það meira en verið hefur á vorönnum. Skólameistari kynnti sérstaklega fjölda nemenda á tæknisviði en þar er staðan góð. Nemendur í öldungadeild eru tæplega 200 og einnig er í gangi kennsla fyrir grunnskólanemendur og í Byrginu eins og verið hefur hefur. Einnig rætt um fjarvistakerfi, sjálfsmatskerfi skólans o.fl.

2. Fjárveitingar 2003.


Skólameistari kynnti fjárveitingar til skólans samkvæmt fjárlagafrumvarpi. Almennt rætt um fjárhagsstöðu skólans og framhaldsskólanna í landinu. Skólameistari dreifði einnig til fundarmanna „Reiknilíkani fyrir skiptingu fjárframlaga til framhaldsskóla“.

3. Önnur mál.

- a) Rætt um vímuefni og forvarnir.

- b) Skólameistari sagði frá undirbúningi átaks til að fá fleiri ungmenni á Suðurnesjum til að stunda framhaldsnám.
- c) Skólanefnd samþykkti samhljóða að skólinn færi Iðnsveinafélagi Suðurnesja listaverk til minningar um Halldór Pálsson, fyrrverandi formann félagsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari

Nemendafjöldi á vorönn 2003

	Vor 2002	Vor 2003
Nemendafjöldi í dagskóla við upphaf annar:	637	691

Nemendafjöldi í deildum tæknisviðs:

11/1 2003

	Haut 2002	Vor 2003
Tréiðnadeild		
Grunndeild tréiðna	11	10
Iðnbraut húsmíði	11	15
Rafiðnadeild		
Grunndeild rafiðna	22	21
Verknámsbraut rafiðna	8	8
Málmiðnadeild		
Málmiðngreinar	0	5
Vélstjórnardeild		
Vélstjórnarbraut 2. stigs	8	10
Hársnyrtideild		
Hársnyrtibraut	11	9

þennan viðfangsefnalið og á sama hátt af liðnum yfir á skóla sem á að fá herra framlag.

02-353

Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Almennur rekstur:

1.01	Almennur rekstur	297,7
------	------------------	-------

1.09	Önnur verkefni	17,6
------	----------------	------

Almennur rekstur samtals		315,3
--------------------------	--	-------

Gjöld samtals	315,3
----------------------	--------------

Sértekjur:

Sértekjur	-7,3
-----------	------

Gjöld umfram tekjur	308,0
----------------------------	--------------

Fjármögnun:

Greitt úr ríkissjóði	302,4
----------------------	-------

Innheimt af ríkistekjum	5,6
-------------------------	-----

Framhaldsskólar

Eftirfarandi fjárlagaliðir teljast til þessa málefnaflokkss: 301–309, 350–365, 506–551 og 581 Framhaldsskólar; 316 Fasteignir framhaldsskóla; 318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður; 319 Framhaldsskólar, almennt; 441 Fullorðinsfræðsla fatlaðra; 451 Símenntun og fjarkennsla; 563–564 Listaskólar og 571 Sjómannaskólahúsið.

Heildarfjárveiting til málefnaflokkssins nemur 9.876,1 m.kr. og hækkar um 434,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum en um 171 m.kr. þegar frá eru taldar almennar launa- og verðlagsbreytingar. Helstu breytingar eru eftirtaldar:


Rekstrarframlag hækkar um 144 m.kr. Þar af eru 80 m.kr. vegna kostnaðar við leigu og gengur til viðhalds á skólahúsnæði sem Fasteignir ríkissjóðs sjá um, 30 m.kr. til að mæta óvissri samsetningu og fjölda nemenda, 20 m.kr. til sérkennslu og 14 m.kr. sem skipt er á skóla með reiknilíkani sérstaklega til að koma til móts við kostnað við verklægt nám. Aðrar breytingar eru samtals 6,8 m.kr. Á móti kemur að 175,8 m.kr. útgjöld falla niður. Í fyrsta lagi er um að ræða tímabundið 40 m.kr. framlag vegna upplýsingakerfis fyrir framhaldsskóla sem fellur niður. Í öðru lagi fellur niður 43,1 m.kr. framlag til Viðskipta- og tölvuskólans vegna samnings sem rann út í haust. Í þriðja lagi falla niður 37,7 m.kr. til framkvæmdar nýrrar skólastefnu og í fjórða lagi falla niður 55 m.kr. til Hraðbrautarskólans vegna frestunar á skólastarfi. Þá eru 6,5 m.kr. millifærðar yfir á Listaháskóla Íslands vegna tónmenntakennaranáms.

Útgjöld til stofnkostnaðar framhaldsskóla aukast um 196 m.kr. og nema 492 m.kr.

Rekstrargrunnur	Reikningur 2001 m.kr.	Fjárlög 2002 m.kr.	Frumvarp 2003 m.kr.	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
Menntaskólinn í Reykjavík	321,5	313,7	313,3	-0,1	-2,6
Menntaskólinn á Akureyri	284,4	288,6	299,9	3,9	5,5
Menntaskólinn að Laugarvatni	97,5	98,1	108,5	10,6	11,3
Menntaskólinn við Hamrahlíð	471,8	398,7	409,4	2,7	-13,2
Menntaskólinn við Sund	276,0	288,7	284,8	-1,4	3,2
Menntaskólinn á Ísafirði	130,3	142,0	147,2	3,7	13,0
Menntaskólinn á Egilsstöðum	150,3	142,7	154,0	7,9	2,5
Menntaskólinn í Kópavogi	503,4	435,5	458,2	5,2	-9,0
Kvennaskólinn í Reykjavík	209,0	216,9	216,1	-0,4	3,4
Fasteignir framhaldsskóla	41,3	29,0	29,4	1,4	-28,8
Framhaldsskólar, stofnkostnaður	326,6	296,0	492,0	66,2	50,6
Framhaldsskólar, almennt	546,1	903,6	814,0	-9,9	49,1
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	629,8	555,6	587,6	5,8	-6,7
Fjölbrautaskólinn Ármúla	329,9	303,3	313,4	3,3	-5,0
Flensborgarskóli	237,7	243,0	235,9	-2,9	-0,8
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	311,0	292,8	308,0	5,2	-1,0
Fjölbrautaskóli Vesturlands	297,5	280,9	290,7	3,5	-2,3
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	114,7	117,1	118,0	0,8	2,9
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	191,3	195,2	195,1	-0,1	2,0
Fjölbrautaskóli Suðurlands	326,6	356,4	357,9	0,4	9,6

Verkmenntaskóli Austurlands	108,4	108,9	107,8	-1,0	-0,6
Verkmenntaskólinn á Akureyri	557,4	517,2	540,2	4,4	-3,1
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	259,8	222,0	219,1	-1,3	-15,7
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu	51,4	47,9	48,8	1,9	-5,1
Framhaldsskólinn á Húsavík	74,6	74,4	76,3	2,6	2,3
Framhaldsskólinn á Laugum	60,9	78,6	80,3	2,2	31,9
Borgarholtsskóli	356,6	393,0	427,3	8,7	19,8
Fullorðinsfræðsla fatlaðra	122,6	137,2	144,5	5,3	17,9
Símenntun og fjarkennsla	87,3	89,5	90,0	0,6	3,1
Vélskóli Íslands	100,1	94,6	115,4	22,0	15,3
Stýrimannaskólinn í Reykjavík	49,6	46,4	58,0	25,0	16,9
Iðnskólinn í Reykjavík	831,1	857,0	889,0	3,7	7,0
Iðnskólinn í Hafnarfirði	267,1	258,3	320,0	23,9	19,8
Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	18,0	18,4	18,8	2,2	4,4
Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	16,8	16,1	16,5	2,5	-1,8
Tónlistarskólinn í Reykjavík	21,5	19,3	13,2	-31,6	-38,6
Listdansskólinn	66,1	54,8	56,6	3,3	-14,4
Sjómannaskólahúsið	39,7	46,9	35,3	-24,7	-11,1
Verslunarskóli Íslands	459,8	463,5	485,6	4,8	5,6
Samtals	9.345,5	9.441,8	9.876,1	4,6	5,7

Samtals voru 17.312 nemendur skráðir í framhaldsskólum sem menntamálaráðuneytið áætla fyrir haustið 2001. Þar af voru 16.773 í dagskólanámi og um 539 í fjarnámi sem er 3% af fjölda. Þess ber að geta að nemendur eru alltaf færri á vorönn en haustönn. Skólasókn árganga hefur farið vaxandi þótt verkfall kennara haustið 2000 hafi valdið bakslagi. Stærð árganga bendir til þess að nemendur verði aðeins færri árið 2003 en á yfirstandandi ári en fari síðan fjölgandi út áratuginn er þeim fækkar aftur. Aukin skólasókn og þátttaka í fjarnámi gæti þó haft áhrif á þróunina.



Áætlun um útgjöld til kennslu í dagskóla allra framhaldsskóla nema Fullorðinsfræðslu fatlaðra, listaskólanna og hússtjórnarskólanna er byggð á reiknilíkani framhaldsskóla og árangursstjórnunarsamningum sem menntamálaráðuneytið hefur gert við skólana um verkefni þeirra og fjárframlög. Í fjárlögum hefur hingað til verið áætlað fyrir hluta

af útgjöldum Vélskóla Íslands og Stýrimannaskólans á lið Sjómannaskólahússins en nú er gert ráð fyrir útgjöldunum á lið skólana. Áætlað er fyrir kennslu í dagskóla, bæði staðbundnu námi og dreifðu, á viðfangsefninu *1.01 Almennur rekstur* og hækkar framlag að raungildi um 119 m.kr. Framlag til hvers skóla byggist á áætlun um nám og ársnemendur. Áður var hugtakið nemendaígildi notað yfir ársnemanda en það er mælikvarði á hversu mikið nám nemendur stunda í skólanum á einu ári og svarar hálfur ársnemandi til 17,5 námseininga. Áætlað er að ársnemendur verði 15.122. Í fjárlögum yfirstandandi árs var reiknað með 15.082 ársnemendum á viðfangsefnalið fyrir almennan rekstur hjá skólunum og framlagi fyrir 190 til viðbótar á almennum lið framhaldsskóla, samtals 15.272. Ársnemendur reyndust vera 14.748 árið 2001 eða 500 færri en áætlað var fyrir í fjárlögum þess árs. Í frumvarpinu er að þessu sinni reiknað með 15.069 ársnemendum hjá skólunum, 48 í hússtjórnarskólum og um það bil 170 á almennum lið, samtals 15.287 nemendur.

Við áætlanagerðina er byggt á áfangalistum skólanna frá árinu 2000 um samsetningu námsins. Endanlegt uppgjör við þá verður byggt á prófpátttöku nemenda. Miðað er við að menntamálaráðuneytið færi framlög af fjárlagalið skóla, sem á að fá lægra framlag en áætlað er fyrir, á lið hans yfir á lið *319-1.91 Framhaldsskólar almennt, framhaldsskólar óskipt* og á sama hátt af óskipta liðnum yfir á skóla sem á að fá hærri framlag. Að öðru leyti er áætlanagerðin byggð á nýrri útgáfu reiknilíkans fyrir framhaldsskóla sem breyst hefur í veigamiklum atriðum. Líkaninu er eins og líkani fyrir háskóla ætlað að skipta framlögum á milli skóla út frá tiltölulega fáum, einföldum og almennum forsendum. Það tekur því ekki tillit til sérstakra aðstæðna hvers skóla eða felur í sér leiðbeiningu um hversu háum fjárhæðum skóla er óhætt að verja til hinna ýmsu gjaldegunda eða námsbrauta. Líkanið gerir heldur ekki greinarmun á því hvernig skólar bjóða fram þjónustu sína, t.d. hvort um er að ræða staðbundið nám eða fjarnám. Kennsluframlög fylgja nemendabreytingum en útgjöld skóla lúta öðrum lögmálum og það er fyrst og fremst hlutverk skólanna að aðlaga útgjöld að fjárveitingum þótt menntamálaráðuneytið geti þurft að koma að í einstaka tilvikum. Í endurskoðuðu líkani er áföngum skipt á tíu flokka eftir því hverskonar nám er um að ræða í stað sjö áður. Grundvallarviðmiðanirnar um nemendafjölda og nýtingu eru óbreyttar: Hæsta viðmiðun er 25 ársnemendur í bóklegum áföngum en lægst 12 í verklegum. Almennt er reiknað með 77,5% nýtingu, sem svarar til 19,4 ársnemenda í bóklegu áföngum og 9,3 í verklegum. Á almennri námsbraut er þó miðað við 15 nemendur og 65,8% nýtingu en það svarar til 9,9 ársnemenda í áfanga. Fjölgun flokka gerir flokkunina nákvæmari en í eldra líkani. Vísitala námsframboðs er ekki lengur reiknuð enda tekur hið nýja líkan mun meira mið af námsframboði í skólunum en eldra líkan. Önnur breyting er sú að leggja ein árslaun til grundvallar áætlun allra skólanna en ekki launaflokkaröðun í hverjum skóla eins og gert var áður. Sama aðferð er notuð í reiknilíkani háskóla. Breytingin tengist auknum heimildum skólameistara til raða starfsmönnum skóla í launaflokka. Hætt var að leggja launaflokkaröðun til grundvallar fjárlagagerð annarra ríkisstofnana fyrir um það bil áratug. Þriðja breytingin er að taka tillit til kostnaðar við húsnaði og búnað með því að miða eingöngu við fjölda og skiptingu ársnemenda í áfanga en áður var einnig tekið tillit til raunverulegs fermetrafjölda skólahúsnaðis og gjaldskráa orkuveitna. Skilgreindar eru fjórtán tegundir af misstórum kennslustofum með fylgirými auk almenns rýmis. Fyrir hverja tegund eru síðan gefnar forsendur um stofnkostnað nýrrar stofu með búnaði, auk þess sem reiknað er framlag til viðhalds húsa. Forsendurnar sem byggt er á benda til þess að þessir kostnaðarliðir hafi verið vanmetnir, ekki síst vegna þess að skólar hafa verið að tækjavæðast og viðhaldi ekki sinnt nógu vel.

Svipað fyrirkomulag er notað í reiknilíkani fyrir háskóla. Samtals reiknar líkanið út þörf fyrir 143 þúsund fermetra af kennsluhúsnæði en húsnæði skólanna er tæplega 170 þúsund fermetrar. Fasteignir ríkisins annast umsýslu fasteigna nær allra framhaldsskóla og eykst framlag til leigugreiðslna um 80 m.kr. og rennur það til viðhalds húsnæði skólanna. Helsta breyting á húsnæði skólanna er sú að Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu flutti á árinu 2002 frá Nesjum í nýtt húsnæði sem ber nafnið Nýheimar. Fjórða breytingin á líkaninu er á uppþótarframlögum til skóla. Tekið er tillit til hærri ferða- og flutningskostnaðar skóla utan Reykjavíkur auk þess sem þessir skólar fá viðþótarframlag til kennslu séu þeir með færri en 300 ársnemendur. Endurskoðað reiknilíkan leiðir til nokkurrar tilfærslu framlaga á milli skóla og milli útgjalda sem áætlað er fyrir á viðfangsefni 1.01

Almennur rekstur yfir á lið 1.09 Önnur verkefni hjá skólunum. Meginbreytingin er þó sú að framlög færast frá bóknámi til verknáms og frá skólum með slaka nýtingu á kennslukröftum til þeirra sem eru með betri nýtingu. Að öðru jöfnu leiðir 1% betri nýting á hreinum bóknámsáföngum til þess að losnar um 36 m.kr. útgjöld. Meðalútgjöld á ársnemanda í dagskóla án sérverkefna er áætlað 515 þús.kr. en þau voru 501 þús.kr. í fjárlögum yfirstandandi árs og nemur hækkunin 2,8%.

	Reiknuð nemanda- ígildi 2001	Áætluð nemanda- ígildi 2001	Áætluð nemanda- ígildi 2002	Áætluð nemanda- ígildi 2003	% bók- náms	Gjöld á lið 1.01, m.kr.	Þús. kr. á nemanda
Menntaskólinn í Reykjavík	742	750	750	747	97,8	313,8	420
Menntaskólinn á Akureyri	532	561	600	600	97,7	267,6	446
Verslunarskóli Íslands	1.016	1.050	1.060	1.090	97,6	435,6	400
Menntaskólinn við Sund	709	701	672	672	97,2	285,4	425
Kvennaskólinn í Reykjavík	504	513	501	503	96,7	216,6	431
Menntaskólinn við Hamrahlíð	931	924	858	858	96,4	374,6	437
Menntaskólinn á Egilsstöðum	287	232	264	264	95,6	136,6	517
Framhaldsskólinn á Húsavík	103	136	120	119	95,0	76,4	642
Framhaldsskólinn á Laugum	94	69	95	95	94,8	64,5	679
Menntaskólinn á Laugarvatni	130	130	130	130	94,7	87,3	672
Flensborgarskóli	518	501	512	514	93,6	236,4	460
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	540	512	489	489	91,2	219,9	450
Framhaldssk. í A- Skaftafellssýslu	85	78	63	63	89,9	48,3	767
Fjölbrautaskólinn Ármúla	762	657	658	658	88,9	304,3	462
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	330	385	352	353	88,5	183,5	520
Framhaldssk. í Vestmannaeyjum	196	198	201	201	88,2	116,9	582
Menntaskólinn í Kópavogi	904	864	874	874	87,8	436,4	499
Fjölbrautaskóli Suðurlands	681	706	693	695	87,4	343,8	495
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	595	621	606	607	86,3	297,7	490
Menntaskólinn á Ísafirði	225	227	236	237	82,6	142,9	603
Fjölbrautaskóli Vesturlands	520	525	536	538	81,4	282,0	524
Verkmennaskólinn á Akureyri	793	905	990	990	78,6	542,7	548
Stýrimannaskólinn í	55	80	77	78	78,6	58,3	747

Reykjavík							
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	994	1.131	1.028	1.028	78,2	522,4	508
Verkmenntaskóli Austurlands	114	122	132	132	73,4	100,8	764
Borgarholtsskóli	607	583	695	697	71,7	420,7	604
Vélskóli Íslands	153	150	153	152	66,8	104,0	684
Iðnskólinn í Reykjavík	1.240	1.322	1.296	1.295	45,2	839,6	648
Iðnskólinn í Hafnarfirði	388	372	393	437	44,5	329,4	754
Framhaldsskólar almennt, óskipt		240	190	170		87,2	513
Samtals	14.748	15.245	15.224	15.286	82,7	7.875,6	515

Á viðfangsefni 1.09 Önnur verkefni hjá viðkomandi skólum er áætlað fyrir ýmsum sérverkefnum þeirra. Stærstu sérverkefnin eru rekstur heimavista fyrir u.þ.b. 806 nemendur og rekstur kvöldskóla með u.þ.b. 770 ársnemendum. Útgjöld eru áætluð 7.955 m.kr. að fráðregnum sértekjum. Framlag eykst að raungildi um 119 m.kr. og eru skýringarnar helstar þær að 65 m.kr. eru millifærðar af viðfangsefni 101 Almenmur rekstur vegna annarra rekstrargjalda kvöldskóla og 46 m.kr. færðar milli viðfangsefna á fjárlagaliðum Iðnskólans í Hafnarfirði og Verslunarskóla Íslands vegna leigu á húsnæði skólanna og reiknilíkanið tekur ekki til en það er kostnaður við fjárbindingu og greiðsla virðisaukaskatts.

Frekari upplýsingar um hlutverk, verkefni og þjónustu framhaldsskólanna eru í Verkefnavisum 2003.

318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður. Heildargjöld á fjárlagaliðnum eru áætluð 492 m.kr. sem er 196 m.kr. hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir áætluð framlög til framkvæmda árið 2003:

Rekstrargrunnur, m.kr.	Frumvarp 2003
Framhaldsskólar í Reykjavík, óskipt	50,0
Sjómannaskólahús, endurbygging	40,0
Menntaskólinn í Reykjavík	20,0
Menntaskólinn í Kópavogi, uppgjör á samningum	50,0
Fjölbrautaskóli Vesturlands	10,0
Verkmenntaskólinn á Akureyri, samningur	70,0
Sjálfseignarstofnunin Lundur, samningur um heimavist við Menntaskólann á Akureyri	15,0
Framhaldsskólinn á Laugum, sundlaug	10,0
Menntaskólinn á Egilsstöðum	20,0
Framhaldsskólinn í Austur Skaftafellssýslu, uppgjör á samningum	10,0
Framhaldsskólar á Suðurlandi og Reykjanesi, óskipt	97,0
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	50,0
Menntaskólinn á Laugarvatni, endurbygging	40,0
Tæki og búnaður, óskipt	10,0
Samtals	492,0

Áætlað er fyrir greiðslum vegna gildandi samnings um framkvæmdir við Verkmenntaskólann á Akureyri og væntanlegra viðbótarsamninga sem ráðgert er að standi næstu þrjú ár. Áætlað er að leggja samtals 30 m.kr. til byggingar nemendagarða á vegum Sjálfseignarstofnunarinnar Lundar á Akureyri á tveimur árum. Viðræður standa yfir vegna samninga um framkvæmdir við Framhaldsskóla Vesturlands, Framhaldsskólann á Laugum, Menntaskólann á Egilsstöðum og Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Undirbúningur vegna samninga um framkvæmdir við framhaldsskóla á Suðurlandi, Reykjanesi og í Reykjavík er skemmra kominn en að honum er unnið. Vegna þess hversu kostnaðarsamra endurbóta Sjómannskólahús og hús Menntaskólans á Laugarvatni og Menntaskólans í Reykjavík þarfnast var ákveðið að umsjón með viðhaldi þeirra skóla færist ekki til Fasteigna ríkissjóðs eins og gildir um annað skólahúsnaði. Áætlað er fyrir samtals 100 m.kr. til endurbóta þessara húsa.

319 Framhaldsskólar, almenn. Heildargjöld fjárlagaliðarins eru áætluð 814 m.kr. sem er 89,6 m.kr. lækkun frá fjárlögum. Helstu breytingar eru sem hér segir: Tímabundið 40 m.kr. framlag á *1.11 Sameiginleg þjónusta* vegna samnings um smíði upplýsingakerfisins Innu fyrir framhaldsskóla fellur niður. Kerfið hefur verið tekið í notkun en í því verður haldið utan um námsframboð, skipulag náms, skráningu nemenda, stundatöflu- og prófatöflugerð, námsferil og einkunnir, upplýsingar um húsnaði, starfsmannaupplýsingar o.fl. Framlag á viðfangsefni *1.14 Sérkennsla* eykst um 20 m.kr. og nemur 298,8 m.kr. Framhaldsskólar sækja um framlag til kennslu- og stuðningsstarfa af liðnum til menntamálaráðuneytisins en bera sjálfir annan kostnað. Fatlaðir nemendur í framhaldsskólum eru 338, þar af 248 í sérdeildum sem starfræktar eru við 17 skóla. Kennt er samkvæmt námskrá á þrenns konar starfsbrautum og tekur námið fjögur ár. Tvö síðustu árin eru nemendur búnir undir störf í atvinnulífínu. Þjónusta framhaldsskóla við fatlaða nemendur hefur aukist verulega á síðustu árum og er svo komið að flestir sem eru fatlaðir og á framhaldsskólaaldri sækja skólana hvernig sem fötlun þeirra er háttað og stunda nám í fjögur ár. Framlag til Viðskipta- og tölvuskólans á samnefndum viðfangsefnalið í fjárlögum að fjárhæð 43,1 m.kr. fellur niður þar sem samningur við skólann rann út í haust. Sama er að segja um 37,7 m.kr. framlag til Framkvæmdar nýrrar skólastefnu á samnefndum viðfangsefnalið í fjárlögum sem þar með fellur út. Á viðfangsefni *1.90 Framhaldsskólar, óskipt* fellur niður 55 m.kr. framlag sem ætlað var til að gera samning um að Hraðbrautarskólinn hæfi rekstur haustið 2002. Miðað er við að skólinn hefji rekstur haustið 2003 og að kostnaður verði greiddur af geymdri fjárveitingu frá árinu 2001. Framlag á það viðfangsefni hækkar um 39 m.kr. til að mæta óvissum nemendafjölda og nemur 87,2 m.kr. Það samsvarar útgjöldum vegna um það bil 170 nemenda. Miðað er við að menntamálaráðuneytið færi framlög af fjárlagalið framhaldsskóla sem á vegna breyttra nemendaforsendna að fá lægra framlag en áætlað er fyrir á lið hans yfir á